

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76/1958 með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 21. maí 1976 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76 17. júní 1958, fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum.

1. gr.

32. gr. C orðist svo:

Skrásetningargjald, bæði við frumskráningu og árlega skrásetningu, er 5 000.00 krónur og skiptist þannig:

Til Félagsstofnunar stúdenta við Háskóla Íslands renna 3 000.00 krónur, til Stúdentaráðs Háskóla Íslands 1 400.00 krónur, en 600.00 krónur renna í sjóð, er nefnist stúdentaskiptasjóður. Skal fé hans vera í vörslu stúdentaráðs, sem tekur ákvarðanir um veitingu fjár úr sjóðnum. Fé sjóðsins má aðeins verja til þess að stuðla að stúdentaskiptum milli Íslands og annarra ríkja, eftir því sem nánar verður ákveðið í skipulagsskrá sjóðsins, sem stúdentaráð setur, og staðfesta skal með venjulegum hætti.

Háskólaráði er heimilt að áskilja samkvæmt tillögu háskóladeildar, að nemendur greiði gjöld vegna þátttöku í námskeiði til þess að standa straum af sérstökum kostnaði, svo sem vegna efniskaupa.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 1. júní 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING

um bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1976.

Alþingi hefur hinn 19. maí 1976 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1976.

Alþingi ályktar samkvæmt III. kafla vegalaga, nr. 66 14. júlí 1975, sbr. lög um breyting á þeim lögum, samþykkt á Alþingi 18. maí 1976, að árið 1976 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun: